



## FJÖLMIDLANEFND

23. september 2013  
Ákvörðun nr. 1/2013

### **Birting auglýsinga í dagskrá sem er ætluð börnum yngri en 12 ára á Stöð 2**

#### **I.**

#### **Málsmeðferð**

##### **1.**

Fjölmiðlanefnd ákvað, að fenginni ábendingu, á grundvelli 4. másl. 1. mgr. 11. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 að taka til skoðunar hvort þeir myndmiðlar sem sýndu jóladagatal fyrir börn í desembermánuði 2012 hafi brotið gegn ákvæði 5. mgr. 41. gr. laga um fjölmiðla. Fjölmiðlanefnd sendi 365 miðlum ehf. (hér 365 miðlar) bréf þess efnis þann 21. janúar 2013.

Í bréfi fjölmiðlanefndar sem sent var 365 miðlum þann 21. janúar 2013 var vísað til ákvæðis 5. mgr. 41. gr. laga um fjölmiðla þar sem segir að auglýsingar og fjarkaupainnskot séu óheimil í dagskrá sem er ætluð börnum yngri en 12 ára. Bann þetta hefst 5 mínútum áður en dagskrá ætluð börnum yngri en 12 ára hefst og stendur þar til 5 mínútum eftir að útsendingu slíkrar dagskrár lýkur. Fram kom í bréfinu að yfirlit frá Capacent, sem fylgdi ábendingunni, benti til þess að auglýsingar hafi verið sýndar innan 5 mínútna í kringum Jóladagatal Skoppu og Skríttlu á Stöð 2 dagana 3.-9. desember 2012. Því taldi fjölmiðlanefnd að hugsanlega væri um brot á ákvæði 5. mgr. 41. gr. laganna að ræða. Í bréfinu var, auk afrits af útsendu efni 5 mínútum fyrir og 5 mínútum eftir Jóladagatal Skoppu og Skríttlu á Stöð 2 dagana 3.-9. desember, óskað eftir sjónarmiðum 365 miðla varðandi það hvort um brot gegn 5. mgr. 41. gr. laganna hafi verið að ræða sem og um hugsanlega álagningu stjórnvaldssekta yrði niðurstaða fjölmiðlanefndar sú að um brot hafi verið að ræða.

##### **2.**

365 miðlar svöruðu erindi fjölmiðlanefndar með bréfi dags. 4. febrúar 2013. Í svarbréfi þeirra kom m.a. fram að Stöð 2 hafi í aðdraganda jóla boðið upp á nýtt leikið og kvikmyndað íslenskt jóladagatal þar sem Skoppa og Skríttlu voru í forgrunni. Það hafi verið metnaðarmál 365 miðla í þessu verkefni að bjóða upp á vandað íslenskt sjónvarpsefni fyrir alla fjölskylduna á aðventunni. 365 miðlar hafi viljað bjóða allri þjóðinni að njóta Jóladagatals Skoppu og Skríttlu og því hafi þáttaröðin verið send út í opinni dagskrá og sýningartíminn samhangandi við það markmið að sem flestir myndu njóta efnisins í opinni dagskrá. Eins og flestum sé kunnugt sendi Stöð 2 út í læstri dagskrá nema þann tíma dags sem fréttum er miðlað.



## FJÖLMIDLANEFND

### 3.

Fjölmiðlanefnd sendi 365 miðlum frummat nefndarinnar með bréfi dags. 6. júní 2013 þar sem farið var yfir helstu málsatvik og þau lagasjónarmið sem skiptu máli við mat á því hvort 365 miðlar hefðu brotið gegn ákvæði 5. mgr. 41. gr. laga um fjölmiðla. Með bréfinu vildi fjölmiðlanefnd ennfremur veita 365 miðlum færi á að koma að frekari sjónarmiðum sem kynnu að skipta máli við mat fjölmiðlanefndar á því hvort brotið hafi verið gegn 5. mgr. 41. gr. laga um fjölmiðla. Bent var á að niðurstaðan, sem fól í sér að um brot á 5. mgr. 41. gr. laganna væri að ræða, fæli einungis í sér frummat fjölmiðlanefndar en ekki endanlega afstöðu nefndarinnar um það hvort 365 miðlar hefðu brotið gegn ákvæði 5. mgr. 41. gr. Tekið var fram að þær ályktanir sem tilteknar voru kynnu að breytast gæfu athugasemdir og skýringar 365 miðla tilefni til þess. Í bréfinu óskaði fjölmiðlanefnd ennfremur eftir upplýsingum um tekjur 365 miðla vegna auglýsinga sem í frummatinu voru taldar kunna fela í sér brot á ákvæðinu, en samkvæmt 4. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla skal við ákvörðun sektar m.a. taka mið af tekjum fjölmiðlaveitu af broti. Þess var óskað að sjónarmið og upplýsingar 365 miðla bærust fjölmiðlanefnd eigi síðar en 20. júní.

### 4.

365 miðlar óskuðu eftir fresti, til að skila svörum sínum, sem veittur var af hálfu fjölmiðlanefndar og með bréfi 365 miðla dags. 11. júlí 2013 bárust svör vegna frumrats fjölmiðlanefndar auk upplýsinga um tekjur af birtingu auglýsinga. Í svarbréfi 365 miðla kemur fram að 365 miðlar hafni því frummati fjölmiðlanefndar að 365 miðlar hafi brotið gegn 5. mgr. 41. gr. laga um fjölmiðla vegna birtingu auglýsinga innan við 5 mínútur áður og eftir útsendingu á Jóladaatali Skoppu og Skríttlu í desember sl.

365 miðlar benda m.a. á að jóladagatalið hafi verið í opinni dagskrá Stöðvar 2 í desember 2012. Opin dagskrá Stöðvar 2 hefjist almennt kl. 18:15 og ljúki kl. 20:00, þegar dagskránni er læst. 365 miðlar líta á opna gluggann sem eina dagskrárheild, sem samanstendur af veðurfréttum, fréttum og dægurmálaumfjöllun Íslands í dag.

Meðfylgjandi bréfinu voru upplýsingar um tekjur þær sem 365 miðlar höfðu af auglýsingasölu á umræddu tímabili.

365 miðlar bentu einnig í bréfi sínu á ákvæði 5. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla þar sem segir að falla megi frá sektarákvörðun, teljist brot óverulegt eða af öðrum ástæðum ekki sé talin þörf á beitingu sekta. Að mati 365 miðla eiga þau sjónarmið sem það ákvæði er reist á augljóslega undir þetta tilvik, fari svo þvert gegn væntingum 365 miðla að mat fjölmiðlanefndar sé að brotið hafi verið gegn 5. mgr. 41. gr. laganna.

Að öðru leyti var vísað til þeirra sjónarmiða sem komu fram í bréfi 365 miðla frá 4. febrúar sl. Vikið verður frekar að athugasemdum 365 miðla í niðurstöðukafla.



## FJÖLMÍÐLANEFND

### II. Málsvik

#### 1.

Frá 1.- 24. desember 2012 sýndu 365 miðlar Jóladaatal Skoppu og Skrítlu. Athugun fjölmíðlanefndar beindist að því hvort sýndar hafi verið auglýsingar í auglýsingatímum kringum jóladagatal Skoppu og Skrítlu dagana 3.-9. desember 2012.

Hér verður nú stuttlega rakið efni og innihald Jóladaatals Skoppu og Skrítlu dagana 3. -9. desember 2012, en allir þættirnir eru nokkuð áþekkir að uppbyggingu og efni. Þar mátti m.a. sjá myndir af börnum sem tilheyrðu öðrum trúarhópum vegna umfjöllunar um orðið messa. Þá sungu Skoppa og Skrítlu og dönsuðu úti í boltaleik, börn í yngri bekkjum grunnskóla sungu lag um vináttuna, ungar ballerínur dönsuðu með englavængi, Skoppa og Skrítlu föndruðu jólakort og Bakari Svakari vinur þeirra kom í heimsókn og skreytti piparkökur með þeim.

Persónurnar Skoppa og Skrítlu eru kátar og ávallt klæddar í litskrúðuga búninga sem líkjast helst einhverskonar álfabúningum. Þá eru þær farðaðar björtum litum. Þær Skoppa og Skrítlu tala hægt og skýrt, auk þess sem gjarnan er notað tákn með tali. Þá einkennist allt fas þeirra af einlægni og umhyggju fyrir öðrum. Tónlistin ber þess merki að reynt er að höfða til barna þar sem m.a. heyrir bjartur bjölluhljómur.

Í dæmaskyni er hér lýst þætti í Jóladaatali Skoppu og Skrítlu sem sýndar var 3. desember 2012. Þátturinn hófst með upphafskynningu þar sem Skoppa og Skrítlu voru m.a. á skautum með hópi barna. Þær renndu sér á sleða og sátu með jólasveini. Í þættinum heilsa Skoppa og Skrítlu áhorfendum með orðunum: „góðan dag kæru vinir“ og nota tákn með tali við kynningu sína. Þær opna spenntar glugga númer þrjú í jóladagatalinu og orðið sem birtist í dagatalinu er orðið jata. Þær finna rímorð við orðið jata svo sem fata, mata, skata, rata og velta fyrir sér þýðingu orðsins þar sem það sé „eins og einhver útlenska“: Skoppa og Skrítlu ákveða því að kíkja í barnaorðabókina. Þá má sjá börn á leikskólaaldri koma með sínar eigin útskýringar á orðinu jata. Skoppa og Skrítlu ákveða að ræða við Lúsí vinkonu sína um jötu sem er „skrýtið orð“ og tala við hana í gegnum jólakúlu um hvað orðið jata þýði. Lúsí útskýrir orðið jata fyrir Skoppu og Skrítlu og kveður þær svo með orðunum „jólaknús í hús frá Lúsíkrús“. Útskýringin minnir Skoppu og Skrítlu á að búa vel um bangsana og dúkkurnar sínar þegar veturinn sé svona kaldur. Knúsa þær bangsana og dúkkurnar og syngja fyrir þau á hverjum degi. Að því loknu kemur myndbrot þar sem leikskólastúlkur syngja lagið *Fljúga hvítu fiðrildin* og rugga dúkkunum sínum og leggja þær í rúm. Að því loknu fær Skrítlu að velja sér skemmtilegt leikfang úr jólapokanum og upp kemur fjárhús með jötu með litlu Jesúbarni. Skoppa og Skrítlu raða jötunni, Maríu og Jósep í fjárhúsið og kveðja áhorfendur að því loknu.



## FJÖLMÍÐLANEFND

### 2.

Farið var ítarlega yfir auglýsingar í dagskrá 365 miðla 5 mínútum fyrir og 5 mínútum eftir að Jóladagatali Skoppu og Skríttlu lauk á Stöð 2 dagana 3.-9. desember. Í lok Jóladagatals Skoppu og Skríttlu þann 3. desember voru sýndar skjáauglýsingar. Um var að ræða auglýsingu frá Olay, Advania, auglýsingu frá bókaútgáfunni Tindi, auglýsingu frá risa útivistar-, skó- og fatamarkaðnum, auglýsingu frá Stillingu, auglýsingu frá Lyfju, frá Kaffitári, Knorr, auglýsing frá Mannvirkjastofnun, Decubal húðvörum, frá Grími kokki, auglýsing frá Öryggismiðstöðinni og auglýsing frá Proline.is. Að því loknu var sýnd kynningarstikla um jóladagskrá Stöðvar 2 og kynning á degi rauða nefnsins og sagt frá söfnunarátaki Stöðvar 2.

Þá voru einnig sýndar skjáauglýsingar að loknu Jóladagatali Skoppu og Skríttlu þann 4. desember. Sýndar voru auglýsingar frá Grími kokki, frá risa útivistar-, skó og fatamarkaðnum, frá Kjúklingastaðnum Suðurverri, frá Fjöruborðinu, auglýsing frá Søstre Grene, auglýsing frá Tenggi, Wilson's Pizzu, frá Stillingu, Kaffitári, auglýsing frá Mannvirkjastofnun, auglýsing frá Go Pro, auglýsing frá Öryggismiðstöðinni, Decubal húðvörum, Proline.is, Advania og frá Íslandsbanka. Að því loknu var kynntur dagur rauða nefnsins og sagt frá söfnunarátaki Stöðvar 2. Að loknum kynningarstiklum var sagt frá jólaleik hjá Íslandi í dag.

Þann 5. desember voru einnig sýndar skjáauglýsingar innan við fimm mínútum eftir að sýningu á Jóladagatali Skoppu og Skríttlu lauk. Birtar voru skjáauglýsingar frá Kokkunum, Jens gullsmíð, versluninni Dún og fiður, Olay snyrtivörum, frá Mannvirkjastofnun, auglýsing frá Fjöruborðinu, auglýsing frá Stillingu, Kaffitári, frá Grími kokki, auglýsing frá Tenggi, Öryggismiðstöðinni, frá Múlakaffi, auglýsing frá Hellmann's, auglýsing frá Bókaútgáfunni Tindi, Skógræktarfélagi Reykjavíkur, Proline.is og auglýsing frá Íslandsbanka.

Samkvæmt upplýsingum frá 365 miðlum er ekki til afrit af útsendingu frá 6. desember 2012. Fjölmiðlanefnd hefur þó fengið yfirlit yfir auglýsingahólf í kringum Jóladagatal Skoppu og Skríttlu þennan dag. Samkvæmt þeim upplýsingum sem fengnar eru frá 365 miðlum má ráða að auglýsingar hafi einnig verið sýndar 5 mínútum eftir að Jóladagatali Skoppu og Skríttlu lauk þann 6. desember. Á eftir Jóladagatali Skoppu og Skríttlu voru sýndar skjáauglýsingar, en ekki kemur fram hvaða auglýsingar það voru. Að loknum skjáauglýsingum var sýnt myndbrot frá Umferðarstofu og kynningarstikla fyrir Popp Tíví og Stöð 2.

Á undan Jóladagatali Skoppu og Skríttlu þann 7. desember var sýnd auglýsing frá Senu, auglýsing frá Elko og auglýsing frá Domino's. Þar á eftir var auglýsing frá bókaútgáfunni Veröld. Að loknu Jóladagatali Skoppu og Skríttlu voru sýndar skjáauglýsingar. Sýndar voru



## FJÖLMIÐLANEFND

auglýsingar frá Jens gullsmið, Tengi, Advania, Kokkunum, Olay snyrtivörum, Fjöruborðinu, Máli og menningu, auglýsing frá Bakarameistararum, Wilson's Pizzu, Hellmann's, auglýsing frá Mannvirkjastofnun, auglýsing frá versluninni Dún og fiður, Nauthóli, Kjúklingastaðnum Suðurveri, frá Íslandsbanka, bókaútgáfunni Tindi, Proline.is, Pfaff, Skruddu, auglýsing frá Skógræktarfélagi Reykjavíkur og Søstrene Grene. Að loknum skjáauglýsingum var sýnd kynningarstikla þar sem kynnt var jóladagskrá Stöðvar 2 og söfnunaráttak Stöðvar 2 vegna dags rauða nefnsins. Að því loknu var auglýsing frá bókaútgáfunni Uppheimum.

Þann 8. desember voru sýndar auglýsingar á undan Jóladagatali Skoppu og Skrítlu. Sýnd var auglýsing frá Elko og auglýsing frá Myndformi. Að því búnu hófst Jóladagatal Skoppu og Skrítlu. Strax að loknum þættinum voru sýndar skjáauglýsingar. Voru sýndar auglýsingar frá Múlakaffi, frá Mannvirkjastofnun, Tengi, JSB, Fjöruborðinu, Friendex, Bakarameistararum, Kjúklingastaðnum Suðurveri, Kokkunum, Íslandsbanka, Jens gullsmið, Wilson's pizzu, bókaútgáfunni Skruddu, ferðaskrifstofunni Vita og Cadbury's. Að loknum skjáauglýsingum var sýnd kynningarstikla þar sem sýndir voru bútar úr þáttum og kvikmyndum á Stöð 2. Því næst hófust auglýsingar frá bókaútgáfunni Tindi og Fréttablaðinu. Þá var auglýsing frá Senu. Því næst birtist auglýsing frá Smáralind og er það síðasta auglýsingin sem sýnd var innan þeirra fimm mínútna frá því að Jóladagatali Skoppu og Skrítlu lauk.

Þá er ekki til afrit af allri útsendingunni frá 9. desember 2012. 365 miðlar hafa þó sent fjölmiðlanefnd yfirlit yfir auglýsingahólf í kringum Jóladagatal Skoppu og Skrítlu þennan dag. Samkvæmt þeim upplýsingum sem fengnar eru frá 365 miðlum má ráða að auglýsingar hafi verið sýndar fimm mínútum eftir að Jóladagatali Skoppu og Skrítlu lauk. Strax á eftir sýningu á Jóladagatali Skoppu og Skrítlu voru sýndar skjáauglýsingar, en ekki liggja fyrir frekari upplýsingar um efni þeirra. Þá voru sýndar dagskrárkynningar frá Stöð 2, Stöð 2 Bío og Stöð 2 Sport. Að þeim loknum var auglýsing frá JPV útgáfu og útvarpsstöðinni FM 95,7.

### III. Niðurstaða

#### 1.

Í 5. mgr. 41. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 segir að auglýsingar og fjarkaupainnskot séu óheimil í dagskrá sem ætluð er börnum yngri en 12 ára. Bann þetta hefst 5 mínútum áður en dagskrá ætluð börnum yngri en 12 ára hefst og stendur þar til 5 mínútum eftir að útsendingu slíkrar dagskrár lýkur. Ákvæðið er undantekning frá þeirri meginreglu sem fram kemur í 1. mgr. 41. gr. laganna að heimilt sé að skjóta auglýsingum eða fjarkaupainnskotum inn í dagskrárliði með þeim hætti að það hafi ekki áhrif á framvindu þeirra, að teknu tilliti til eðlilegra hléa og til lengdar og eðlis dagskrárliðarins, sem og að gættum rétti rétthafa. Í 3.-5. mgr. 41. gr. er svo fjallað um undantekningar hvað varðar útsendingar mynda sem gerðar eru fyrir sjónvarp (að undanteknum þáttaröðum, framhaldsþáttum og heimildarmyndum),



## FJÖLMÍÐLANEFND

kvikmyndaverka og fréttapátta, útsendingu á guðsþjónustu eða sambærilegum trúarathöfnum og fréttum auk dagskrár ætluðum börnum yngri en 12 ára.

Í umfjöllun um ákvæði 5. mgr. 41. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla segir að ákvæðið sé nýmæli. Bent er á að ákvæðið eigi sér að nokkru leyti samsvörun í 4. mgr. 17. gr. þágildandi útvarpslaga nr. 53/2000 sem fól í sér bann við að skjóta auglýsingum eða fjarsöluinnskotum í útsendingu á dagskrá fyrir börn. Ákvæðið mælir fyrir um að auglýsingar og fjarkaupainnskot séu óheimil í dagskrá sem er ætluð börnum yngri en 12 ára, en ætlar stjórnvaldinu síðan að meta það hverju sinni hvort dagskrá sé ætluð börnum eða ekki enda útilokað að ætla að setja fyrirfram algilda efnislega mælikvarða.

Við það mat er m.a. höfð hliðsjón af því að ákvæðið á sér m.a. uppruna í 11. gr. tilskipunar 2007/65/EB, nú 2. mgr. 20. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar 2010/13/ESB en þar segir að gera megi hlé í útsendingu dagskrárliða eða þátta fyrir börn (e. children's programmes) einu sinni fyrir hvert tímabil sem er a.m.k. 30 mínútur þó svo að gengið sé allnokkru lengra í lögum um fjölmiðla en gert er í tilskipuninni. Í tilskipuninni segir nánar tiltekið:

*Útsendingu dagskrárliða fyrir börn má rjúfa með sjónvarpsauglýsingum og/eða fjarsöluinnskotum einu sinni fyrir hvert tímabil í dagskránni sem er a.m.k. 30 mínútur, að því tilskildu að dagskrárliðurinn sé lengri en 30 mínútur.*

Í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni er ekki að finna frekari skýringu á því hvaða og hvers konar efni fellur undir hugtakið dagskrárliður fyrir börn (e. children's programme). Líkt og að framan er rakið er ekki að finna skilgreiningu í íslenskum lögum á því hvers konar efni fellur undir ákvæði 5. mgr. 41. gr., þ.e.a.s. er dagskrá ætluð börnum yngri en 12 ára.

Jafnvel þó að ákvæði 5. mgr. 41. gr. feli ekki í sér innleiðingu með beinum hætti á ákvæðum hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar eru tengsl á milli ákvæðisins og 2. mgr. 20. gr. tilskipunarinnar sem fjallar um heimildir til rofs á útsendingu þar sem sýndir eru dagskrárliðir fyrir börn (e. children's programmes). Þannig getur túlkun og framkvæmd á sambærilegum hugtökum í Evrópurétti komið hér til skoðunar við mat á slíku efni sem og framkvæmd og túlkun sambærilegra ákvæða í Evrópuríkjum sem eiga uppruna sinn í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni.

Hugtakið *children's programmes* í 2. mgr. 20. gr. í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni felur í sér dagskrá sem ætluð er börnum bæði að efninu til og formi. Þá er jafnframt litið til sýningartíma efnisins þegar mat fer fram. Ef dagskrá er send út á kjörtíma (e. prime time) er



## FJÖLMÍÐLANEFND

Það yfirleitt ætlað fullorðnum þar sem fjölmiðlaveita fær mesta áhorfið á þeim tíma<sup>1</sup>. Við mat á því hvort dagskrárefni falli undir það að teljast dagskrárliður ætlaður börnum hefur sænska útvarpsstofnunin (s. Myndigheten för radio och tv) meðal annars skoðað sýningartíma, kynningu, málfar, áhorfendahóp og markhóp efnisins, fyrir utan það að skoða innihald dagskrárefnisins. Þannig eru ólíkir þættir skoðaðir þegar lagt er mat á það hvort efni sé einkum ætlað börnum.<sup>2</sup>

Þá eru auglýsingar skv. 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla viðskiptaboð sem fela í sér hvers konar tilkynningu sem miðlað er gegn endurgjaldi eða í þágu fjölmiðlaveitu og felur í sér kynningu á ímynd, vöru eða þjónustu. Viðskiptaboð eru texti, myndir og/eða hljóð sem er ætlað að vekja, beint eða óbeint, athygli á vörum, þjónustu eða ímynd lögaðila eða einstaklings sem stundar atvinnustarfsemi og er miðlað gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi eða til kynningar í eigin þágu. Til viðskiptaboða teljast m.a. auglýsingar, kostun og vöruinnsetning, skv. nógildandi 40. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna.

### 2.

Að mati 365 miðla er Jóladaatal Skoppu og Skrítlu fjölskylduþáttur sem ætlaður er fyrir fleiri en börn yngri en 12 ára. Í bréfi 365 miðla til fjölmiðlanefndar dags. 4. febrúar segir að Stöð 2 hafi í aðdraganda jóla boðið upp á nýtt leikið og kvikmyndað íslenskt jóladaatal þar sem Skoppa og Skrítlu voru í forgrunni. Það hafi verið metnaðarmál 365 miðla í þessu verkefni að bjóða upp á vandað íslenskt sjónvarpsefni fyrir alla fjölskylduna á aðventunni. 365 miðlar hafi viljað bjóða allri þjóðinni að njóta Jóladaatals Skoppu og Skrítlu og því hefði þáttaröðin verið send út í opinni dagskrá og sýningartíminn samhangandi við það markmið að sem flestir myndu njóta efnisins í opinni dagskrá. Eins og flestum sé kunnugt sendi Stöð 2 út í læstri dagskrá nema þann tíma dags sem fréttum er miðlað. Þá segir í bréfinu:

*Skoppa og Skrítlu hafa verið hluti af okkar þjónustu tengt barnaefni en það er ekki þar með sagt að allt sem þær gera sé eingöngu ætlað börnum undir 12 ára. Annað sambærilegt dæmi er Sverrir Þór Sverrisson sem er einnig hluti af okkar barnaefni en hefur komið fram í fjöldamörgum öðrum dagskrárliðum ætluðum allri fjölskyldunni. Dæmi um það væru t.d. Spurningabomban, Evrópski draumurinn og gestahlutverk bæði á Stöð 2 og RÚV.*

*Við teljum því að 5. mgr. 41. gr. úr lögum um fjölmiðla eigi ekki við um þetta tiltekna verkefni þar sem Jóladaatal Skoppu og Skrítlu er fjölskylduþáttur, ætlaður fyrir fleiri en*

1 Oliver Castendyk, Egbert Dommering, Alexander Scheuer. (2008). *European Media Law*. Alphen aan den Rijn: Kluwer Law International, bls. 536.

2 Sjá m.a. ákvörðun sænsku útvarps – og sjónvarpsstofnunarinnar nr. SB 695/07 og nr. SB 372/06.



## FJÖLMÍÐLANEFND

*börn undir 12 ára aldri.*

Þá kemur fram í svarbréfi þeirra við frummati fjölmiðlanefndar frá 11. júlí sl. að 365 miðlar líti svo á að jóladagatalið hafi verið 5 mínútna innslag með barnaívafi í svokölluðum opnum glugga og ekki hafi verið um að ræða skilgreinda einingu í dagskrá Stöðvar 2 ætlaða börnum. Þannig hafi jóladagatalið verið hugsað sem fjölskylduefni með áherslu á börn. Ákvæði 5. mgr. 41. gr. eigi því ekki við þar sem dagskráin hafi ekki verið eingöngu ætluð börnum yngri en 12 ára. Það sé því afstaða 365 miðla að sýning auglýsinga 5 mínútum áður en Jóladagatal Skoppu og Skrítlu hófst og 5 mínútum eftir að útsendingu þess lauk hafi ekki falið í sér brot á 5. mgr. 41. gr. laga um fjölmiðla.

Hér verður fyrst lagt mat á það hvort Jóladagatal Skoppu og Skrítlu sé dagskrá ætluð börnum yngri en 12 ára en að því loknu verður m.a. vikið að þeim sjónarmiðum 365 miðla sem varða það að meta skuli jóladagatalið með öðrum hætti þar sem um innslag í opnum glugga Stöðvar 2 hafi verið að ræða en ekki sjálfstæða einingu í dagskránni.

Þau sjónarmið sem koma til skoðunar við mat á því hvort Jóladagatal Skoppu og Skrítlu sé dagskrá ætluð börnum yngri en 12 ára eru að mati fjölmiðlanefndar efnisinnihald dagskrár, framsetning efnis og form þess, tungumál og málfar, tímasetning miðlunar auk kynningar og markaðssetningar á efninu enda skal dagskráin vera ætluð börnum. Þannig liggur heildarmat á framangreindum þáttum til grundvallar niðurstöðu þess hvort hljóð- og myndefni falli undir það að teljast dagskrá ætluð börnum yngri en 12 ára.

### *Efni og innihald dagskrár*

Jóladagatal Skoppu og Skrítlu er leikið íslenskt sjónvarpsefni þar sem Skoppa og Skrítlu eru í forgrunni, líkt og fram kemur í svörum 365 miðla. Innihaldi og efni Jóladagatalsins er lýst í kafla II.1.

Í þeim þáttum Jóladagatals Skoppu og Skrítlu sem hér eru til skoðunar nota Skoppa og Skrítlu tákni með tali, hópur barna á leikskólaaldri og í yngri bekkjum grunnskóla koma við sögu í þáttunum, söngur skipar stórt hlutverk sem og einföld dansatriði svo fátt eitt sé nefnt.

Í þáttunum eru ýmis orð tengd jólunum útskýrð með einföldum hætti eftir að leikskólabörn hafa reynt að skýra út orðin með sínum eigin hætti, en það eru m.a. orðin jata, messa, skraut, frímerki og ósk.

Skoppa og Skrítlu eru klæddar litríkum fatnaði og líta út eins og ævintýra – eða álfaverur. Þær tala með skýrum og einföldum hætti og nota m.a. tákni með tali. Þannig má ætla að reynt sé að höfða til ungra barna sem ekki búa yfir sama málþroska og eldri börn og fullorðnir. Þær haga sér líkt og börn þ.e. af mikilli einlægni og allt fas þeirra einkennist af





## FJÖLMÍÐLANEFND

leikgleði og forvitni. Þá eru skilaboð þáttanna einföld og myndræn og mikil áhersla er lögð á að sýna börn. Þær Skoppa og Skríttla heilsa og kveðja áhorfendur með orðunum „góðan dag kæru vinir“ og „sjáumst á morgun kæru vinir“.

### *Framsetning og form þáttanna*

Nafn þáttanna, *Jóladagatal Skoppu og Skríttlu*, gefur strax til kynna að um efni ætlað börnum yngri en 12 ára er að ræða. Nafnið vísar til barnslegrar leikgleði þar sem hugrenningartengsl eru við hopp og skopp og gefið til kynna að eitthvað sé skrítið og skemmtilegt. Þá má lýsa framsetningu, klippingu og notkun tónlistar með eftirfarandi hætti. Í þáttunum eru þær Skoppa og Skríttla sýndar við ólíka iðju á milli þess sem klippt eru inn myndskeið þar sem sýnd eru ung börn á leikskólaaldri eða í yngri bekkjum grunnskóla. Hvert myndskeið er nokkuð langt og engar hraðar klippingar, eins og gjarnan er að finna í efni sem ætlað er eldri börnum og unglingum. Persónusköpun er einföld auk þess sem umgjörð persóna, andlitsfarði og búningar einkennist af björtum litum, skrauti og leikgleði. Söguþráður er ekki mjög flókinn og einkennist af endurtekningum og áhorfendur eru gerðir að viðmælendum Skoppu og Skríttlu. Þannig er áhorfendum heilsað og þeir kvaddir með sama hætti í öllum þáttunum. Tónlist er glaðleg og einkennist af tærum bjöllumljóm og er greinilega ætlað að höfða til ungra barna.

### *Málfar*

Jóladagatal Skoppu og Skríttlu er leikið íslenskt barnaefni og tala þær á íslensku. Þá er eitt af meginþemum Jóladagatalsins að útskýra merkingu ýmissa orða sem tengjast kunna jólum. Jafnframt nota Skoppa og Skríttla tákni með tali, en tákni með tali er tjáningarform sem er einkum ætlað börnum sem ekki ná að tileinka sér eða skilja tungumálið á hefðbundinn hátt vegna frávika í þroska eða vegna fötlunar.<sup>3</sup>

### *Tímasetning*

Jóladagatal Skoppu og Skríttlu var sýnt um kl. 18:15 virka daga í opinni dagskrá. Jóladagatalið var sýnt rétt fyrir veðurfréttir og fréttir Stöðvar 2. Þá voru nokkrir þættir Jóladagatalsins endursýndir sunnudagsmorguninn 23. desember ásamt öðru barnaefni Stöðvar 2.

### *Kynning*

Á jólavef vefmiðilsins, [www.visir.is](http://www.visir.is), sem er í eigu 365 miðla segir í kynningu á Jóladagatali Skoppu og Skríttlu að bestu vinir barnanna, þær Skoppa og Skríttla muni opna glugga í jóladagatalinu á hverjum degi og draga fram orð sem tengjast jólunum og jólaundirbúningi. Orðin eiga það sameiginlegt að börn heyra þau notuð í aðdraganda jóla en vantar gjarnan að

<sup>3</sup> Sjá m.a. [www.tmt.is](http://www.tmt.is)



## FJÖLMIDLANEFND

vita hvað þau virkilega þýða.

Í tengslum við sýningar Jóladaगतals Skoppu og Skrítlu var til sölu jóladaगतal úr pappír sem hægt var að kaupa í stórmörkuðum. Eins og kunnugt er eru jóladaगतöl vinsæl meðal íslenskra barna í desembermánuði þar sem þau opna einn glugga á hverjum morgni fram að jólum. Jóladaगतölin voru kynnt og seld í beinum tengslum við sjónvarpsþættina.

Í auglýsingum fyrir Jóladaगतal Skoppu og Skrítlu sem birtust í Fréttablaðinu 1. desember 2012 var Jóladaगतalið kynnt í dagskrá Stöðvar 2 og auglýst að Skoppa og Skrítlu taki á móti börnum og áriti jóladaगतalið í Kringlunni 1. og 2. desember.

Í kynningu í sjónvarpsdagskrá Fréttablaðsins þann 1. desember segir ennfremur um Jóladaगतal Skoppu og Skrítlu:

*Bestu vinir barnanna þær Skoppa og Skrítlu opna nýjan glugga í nýju jóladaगतali á hverjum degi frá og með 1. desember og fram að jólum á Stöð 2. Lúsi og Bakari Svakari láta sig ekki vanta í fjörið ásamt Snæfinni snjókarli sem tekur lagið. Mjög líklega kíkir jólasveinninn inn um gluggann og tónlistin spilar stórt hlutverk í þáttunum.*

Þá er í kynningarstiklu þar sem næsti dagskrárliður er kynntur m.a. spurt hvaða orð sé á bak við hvern glugga þann dag og þannig vakin eftirvænting á meðal áhorfenda.

Á vefnum [visir.is](http://visir.is) er að finna upptökur af ýmsum þáttum hljóð- og myndmiðla í eigu 365 miðla. Þar er m.a. að finna Jóladaगतal Skoppu og Skrítlu sem flokkað er undir liðnum barnaefni. Þannig eru þættirnir flokkaðir með efni eins og Alfíni álfakóngi, Dísu ljósálfi og fjölskyldudegi 365 miðla þar sem Sveppi, Auddi og fleiri spjalla við krakka í fjölmiðlasmiðjum þar sem börn spreyta sig sem fjölmiðlamenn.

Þá var á heimasíðu 365 miðla, [www.365midlar.is](http://www.365midlar.is), fjallað um Skoppu og Skrítlu, þó ekki hafi sérstaklega verið vikið að Jóladaगतalinu. Þar var sagt að íslenska barnaefnið með Sveppa, Íþróttálfinum og Skoppu og Skrítlu skipi stóran sess.

Við mat á því efni þar sem Skoppa og Skrítlu eru í aðalhlutverki er vert að hafa í huga að þær hafa verið vel kynntar á meðal yngri kynslóðarinnar með sýningum í leikhúsi, kvikmyndahúsum og mynddiskum. Þannig stóð yfir í byrjun ársins sýning í Borgarleikhúsinu sem kallast *Skoppa og Skrítlu í leikhúsinu*, en í kynningu á sýningunni segir að hún sé leikhúsupplifum með söng og dansi fyrir börn frá 9 mánaða aldri. Þá er sagt frá því að í sýningunni sé fjallað um flest það sem börn á leikskólaaldri fáist við í sínu daglega lífi.



## FJÖLMÍÐLANEFND

Í svörum 365 miðla er bent á að þó að Skoppa og Skríttla hafi verið hluti af þjónustu 365 miðla tengdu barnaefni sé ekki þar með sagt að allt efni sem þær geri sé eingöngu ætlað börnum undir 12 ára aldri. 365 miðlar taka dæmi af Sverri Þór Sverrissyni sem sé hluti af barnaefni fjölskyldunnar en hafi þó komið fram í fjöldamörgum öðrum dagskrárliðum ætluðum allri fjölskyldunni.

Hér er rétt að taka fram að Skoppa og Skríttla geta vissulega verið hluti af ýmis konar efni og er ekki algilt að allt það efni sem þær komi fram í sé eingöngu ætlað börnum undir 12 ára. Í því máli sem hér er til skoðunar liggur fyrir að taka þarf afstöðu til þess hvort Jóladagatal Skoppu og Skríttlu falli undir það að teljast dagskrá sem ætluð er börnum yngri en 12 ára. Slíkt mat byggir á margvíslegum sjónarmiðum eins og áður er rakið. Þá er rétt að benda á að í ákvæði 5. mgr. 41. gr. er ekki gerður áskilnaður um að efni sé *eingöngu* ætlað börnum líkt og segir í svörum 365 miðla.

Það getur ekki haft áhrif við mat á því hvort Jóladagatal Skoppu og Skríttlu sé barnaefni að Sverrir Þór Sverrison, leikari sem stýrir barnaefni undir nafninu Sveppi hafi jafnframt komið fram í öðrum dagskrárliðum ætluðum allri fjölskyldunni. Þó er rétt að benda á að Sveppi er samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Stöðvar 2, [www.stod2.is](http://www.stod2.is), *uppátektarsamur drengur með afbrigðum sem býður hressa krakka velkomna inn í herbergið sitt sem er eitt stórt ævintýri. Þá kann hann heldur betur að nota ímyndunaraflið þegar hann leikur sér hvort sem hann er einn eða með vini sínum Villa vitringi.* Þannig er augljóst í kynningunni á vef Stöðvar 2 að Sverrir Þór Sverrison er þar í hlutverki uppátektarsama drengsins Sveppa. Þannig er Sverrir Þór Sverrison í hlutverki hins uppátektarsama drengs í þáttunum Sveppi en Sverrir Þór sjálfur kann að koma fram í öðru efni í eigin persónu eða í öðrum hlutverkum. Þær Skoppa og Skríttla eru persónur sem skapaðar eru af leikkonunum Lindu Ásgeirsdóttur og Hrefnu Hallgrímsdóttur. Sem leikkonur kunna þær Linda og Hrefna þannig að birtast í öðru dagskrárefni í eigin persónu eða í öðrum hlutverkum.

Í svörum 365 miðla til fjölmiðlanefndar þann 4. febrúar sl. segir að Jóladagatal Skoppu og Skríttlu hafi verið sent út í opinni dagskrá og hafi sýningartíminn verið samhangandi við það markmið 365 miðla að sem flestir myndu njóta þess í opinni dagskrá. En sem kunnugt er sendir Stöð 2 út í læstri dagskrá nema þann tíma dags sem fréttir eru sendar út. Þá benda 365 miðlar í bréfi dags. 11. júlí sérstaklega á nokkur atriði í þeim viðmiðunum, sem fjölmiðlanefnd nefnir og þeir telja ýta undir þá augljósu staðreynd að Jóladagatal Skoppu og Skríttlu í desember sl. var ekki sérstakt barnefni án nokkurra tengsla við aðra dagskrá stöðvarinnar. Þannig hafi efnið verið sýnt á kjörtíma, sem eigi að fela í sér vísbendingu um að efnið sé ekki ætlað börnum. Þá segir að 365 miðlar þæti ekki fyrir að Jóladagatal Skoppu og Skríttlu hafi vissulega verið hugsað sem fjölskylduefni með áherslu á börn. Það þýði hins vegar að 365 verði að fórna auglýsingatíma sínum fyrir opna gluggann í desember



## FJÖLMÍÐLANEFND

og það standist hins vegar engan veginn.

Varðandi tímasetningu á Jóladaatali Skoppu og Skrítlu þá var það tekið fram í kynningu Stöðvar 2 á efninu, t.d. á fésbókarsíðu stöðvarinnar að Jóladaatal Skoppu og Skrítlu væri í opinni dagskrá svo öll börn á Íslandi gætu horft á Jóladaatalið.<sup>4</sup> Þá voru nokkrir þættir Jóladaatals Skoppu og Skrítlu endursýndir í tengslum við barnatíma Stöðvar 2 á Þorláksmessumorgun. Jafnvel þó að Jóladaatal Skoppu og Skrítlu hafi verið sýnt á undan fréttatíma Stöðvar 2 og kynni þannig að fá stærri hóp áhorfenda en eingöngu barna yngri en 12 ára getur slíkt ekki eitt og sér verið ráðandi við mat á því hvort efnið sé ætlað börnum yngri en 12 ára. Þannig þurfa margskonar sjónarmið að vera höfð til hliðsjónar við slíkt mat.

Þá segir í bréfi 365 miðla frá 11. júlí sl. að jóladaatalið sé innslag í opna glugga Stöðvar 2 sem litið er á sem eina efnislega dagskrárheild en jóladaatalið sé ekki skilgreind eining í dagskrá Stöðvar 2 ætluð börnum. Ekki sé um að ræða skilgreint barnaefni heldur sé þetta dagskráefni sem eigi að höfða til allra, þ.m.t. fjölskyldufólks. Í desember sl. var ákveðið að reyna að höfða einnig til barna innan þess glugga og leyfa öllum börnum í landinu að horfa á Jóladaatal Skoppu og Skrítlu, en ekki bara þeirra barna, sem eiga foreldra, sem eru áskrifendur að Stöð 2. Í því fólst þó ekki að um væri að ræða dagskrá ætluð börnum. Þá sagði í bréfi 365 miðla að allt barnaefni Stöðvar 2 sé sent út í lokaðri dagskrá og í tengslum við það eru ekki sýndar auglýsingar. Því var ekki svo háttað varðandi þetta efni, þar sem litið var á það sem fjölskylduefni og því sýnt í opna glugga Stöðvar 2.

Fjölmiðlanefnd bendir á að sú ákvörðun Stöðvar 2 að senda Jóladaatal Skoppu og Skrítlu út í opinni dagskrá hafi ekki áhrif við mat á því hvort um dagskrá ætlaða börnum er að ræða enda er ekki í 5. mgr. 41. gr. gerður greinarmunur á því hvort dagskrá ætluð börnum yngri en 12 ára sé sýnd í opinni eða lokaðri dagskrá. Þannig getur dagskrá ætluð börnum bæði verið sýnd í opinni eða lokaðri dagskrá og gildir bannákvæði 5. mgr. 41. gr. undir báðum kringumstæðum. Opni glugginn sem er dagskrártími frá kl. 18:15 til 20:00 eins og segir í svörum 365 miðla hefur með form útsendingar að gera en ekki tegund efnis. Þá segir í svari 365 miðla að *ákveðið hafi verið að reyna að höfða einnig til barna innan þess glugga auk þess sem fram kom í kynningu á Jóladaatalinu að efnið væri sent í opinni dagskrá til að öll börn á Íslandi gætu horft á það.*

Í bréfi 365 miðla frá 11. júlí vísar félagið til bréfs þeirra frá 4. febrúar og segja að það sé mat 365 miðla að opin dagskrá Stöðvar 2, opni glugginn, myndi eina efnislega dagskrárheild. Í desember 2012 hófst hann kl. 18:15 með sýningu á jóladaatali Skoppu og Skrítlu. Um var að ræða 5 mínútna innslag í opna gluggann, en síðan tóku við veðurfréttir, fréttir og Ísland í dag.

<sup>4</sup> Sjá [facebook.com/stod2](https://www.facebook.com/stod2), 21. nóvember 2012.



## FJÖLMÍÐLANEFND

Að mati 365 miðla væri með alvarlegum hætti þrengt að athafnafrelsi 365 miðla ef niðurstaða fjölmiðlanefndar verði sú, að með þessu hafi verið brotið gegn 5. mgr. 41. gr. laganna samkvæmt því sem segir í bréfi þeirra frá 11. júlí sl. Í lagaákvæðinu segir að um sé að ræða dagskrá sem ætluð er börnum yngri en 12 ára. Þó vissulega sé það svo að Skoppa og Skríttla höfði til barna á öllum aldri, þá var ekki um að ræða skilgreinda einingu í dagskrá Stöðvar 2 ætlaða börnum.

Ef lagatúlkun fjölmiðlanefndar stæði verði ekki betur séð en barnainnslög í fréttatíma og tengt efni, hvort sem er af leikskólastarfi, íþróttastarfi barna eða þess háttar falli undir það að vera dagskrá ætluð börnum í skilningi ákvæðisins. Fréttatími RÚV og Stöðvar 2 að einhverju leyti endar oft t.a.m. á fréttum eða umfjöllun um barnastarf. A.m.k. verður ekki með nokkru móti fallist á að tilgreind regla feli í sér nægjanlega skýra reglu, sem hafi komið í veg fyrir sölu auglýsinga áður en opni gluggi Stöðvar 2 hófst í desember sl.

Þá liggur fyrir að verði niðurstaða fjölmiðlanefndar sú að brotið hafi verið gegn tilgreindu lagaákvæði feli það í sér að öllu barnaefni verður útrýmt úr opna glugga Stöðvar 2, hvort sem er í kringum jól eða á öðrum árstímum og í hvaða formi sem er.

Varðandi það sjónarmið 365 miðla að líta beri á opna gluggann sem eina dagskrárheild bendir fjölmiðlanefnd í fyrsta lagi á að í bréfi 365 miðla frá 4. febrúar sl. var talað um Jóladaðgatalið sem þáttaröð og ennfremur að um fjölskylduþátt hafi verið að ræða. Þannig virðast 365 miðlar a.m.k. í því svarbréfi hafa litið á Jóladaðgatalið sem sjálfstæðan þátt en ekki innslag í fréttum, veðurfréttum og Íslandi í dag. Þá var Jóladaðgatalið auglýst sérstaklega með ákveðinn upphafstíma í dagskrárkynningu Stöðvar 2 m.a. í Fréttablaðinu, kynningarskilti birtist fyrir útsendingu þáttarins þar sem fram kom að Skoppa og Skríttla væru næst á dagskrá, Jóladaðgatalið hófst ávallt með sömu upphafskynningu og í lokin birtist yfirleitt kreditlisti og Stöðvar 2 skilti áður en auglýsingar hófust. Að loknum auglýsingum birtist sérstakt skilti þar sem veður var kynnt sem næst á dagskrá. Þannig var Jóladaðgatalið kynnt sérstaklega sem sjálfstæður dagskrárliður og afmarkað frá öðru efni. Að mati fjölmiðlanefndar er því um skilgreinda einingu að ræða í dagskrá Stöðvar 2 ætlaða börnum eins og það er orðað í bréfi 365 miðla.

Við heildarmat á þessum sjónarmiðum 365 miðla, þ.e. að Jóladaðgatal Skoppu og Skríttlu sé ekki sjálfstæð dagskrá ætluð börnum heldur innslag er það niðurstaða fjölmiðlanefndar að engin efnisleg rök standi til þess að líta svo á. Þegar efni og framsetning eru metin í heild sinni má augljóst vera að ekki er um innslag að ræða heldur sjálfstæðan dagskrárlið. Þó skal áréttað að með þessari niðurstöðu er ekki tekin til þess afstaða hvort auglýsingar í tengslum við barnainnslög í fréttatímum feli almennt í sér brot á 5. mgr. 41. gr. laga um fjölmiðla.



## FJÖLMIDLANEFND

Fjölmiðlanefnd bendir á að í ákvæði 5. mgr. 41. gr. er hvergi tiltekið hvort efni sé sýnt í opinni eða lokaðri dagskrá og því enginn greinarmunur gerður þar á. Þannig kemur ákvæðið ekki í veg fyrir birtingu eða sölu auglýsinga í opna glugga Stöðvar 2. Ákvæðið setur einungis þær kröfur á fjölmiðlaveitu að ekki séu birtar auglýsingar 5 mínútum áður en dagskrá ætluð börnum yngri en 12 ára hefst og reglan gildir þar til 5 mínútum eftir að útsendingu slíkrar dagskrár lýkur. Fyrir utan þann tíma er því heimilt að birta auglýsingar til samræmis við önnur ákvæði laga um fjölmiðla. Þannig felur ákvæði 5. mgr. 41. ekki í sér bann við sýningu barnaefnis í opnum glugga Stöðvar 2, eins og gefið er til kynna í bréfi 365 miðla.

Þessu næst verður vikið að því sjónarmiði 365 miðla að vegna óskýrleika 5. mgr. 41. gr. laganna geti ekki komið til greina að leggja á viðurlög við meint brot við ákvæðinu. Komi til greina af hálfu fjölmiðlanefndar að beita 365 miðlum viðurlögum vegna málsins, verði að hafa í huga að skýrleiki ákvæðisins sé lítill sem enginn segir í bréfi 365 miðla frá 11. júlí sl. Þannig sé það beinlínis viðurkennt af hálfu fjölmiðlanefndar í bréfinu, að ekki sé fjallað um hvað falli undir dagskrá ætlaðri börnum yngri en 12 ára í athugasemdum við ákvæðið eða öðrum lögskýringargögnum. 365 miðlar fallist á að augljóst sé að hefðbundið barnaefni Stöðvar 2, sem sýnt er á morgnana, bæði virka daga og um helgar, falli þar undir, þar sem margir þættir sem höfða til barna eru sýndir hver á eftir öðrum og mynda sem slíkir eina efnislega dagskrárheild. Öðru sæti varðandi innslag með barnaívafi í opna glugga Stöðvar 2, sem sýnt er í samhengi við annað efni, sem einkum er ætlað fullorðnum.

Að mati 365 miðla sé því augljóst og það í raun viðurkennt af fjölmiðlanefnd að ákvæði 5. mgr. 41. gr. laga um fjölmiðla sé ekki nægjanlega skýr heimild til að beita viðurlögum, a.m.k. í þessu tilviki. Stoði þar lítt að reyna að bæta úr með einhvers konar markmiðstúlkun fjölmiðlanefndar á ákvæðinu, eins og reynt sé á bls. 6 og áfram í bréfi nefndarinnar dags. 6. júní 2012. Engir starfsmenn 365 miðla þekki til þeirra sjónarmiða sem þar eru rakin, né hafi átt með auðveldum hætti möguleika á að kynna sér þau viðmið sem þar er lýst og lögð eru til grundvallar í Evrópu við mat á því huglæga viðfangsefni hvað teljist vera dagskrá í sjónvarpi ætluð börnum undir 12 ára aldri.

Ákvæði 5. mgr. 41. gr. er skýrt að því leyti að það bannar auglýsingar í kringum dagskráefni sem ætlað er börnum yngri en 12 ára. Þannig leikur enginn vafi á því hvert markmið og tilgangur ákvæðisins er. 365 miðlar fallast raunar á það í athugasemdum sínum að augljóst sé að hefðbundið barnaefni Stöðvar 2, sem sýnt er í samfelldri dagskrá að morgni til falli undir greinina, en telja að annað eigi að gilda um það sem þeir kjósa að kalla innslag með barnaívafi í opna glugga Stöðvar 2. Fjölmiðlanefnd ítrekar að ákvæðið er skýrt um þetta gildissvið sitt en ætlar stjórnvaldinu síðan að meta það hverju sinni hvort dagskrá sé ætluð börnum eða ekki enda útilokað að ætla fyrirfram að setja þar um algilda efnislega



## FJÖLMÍÐLANEFND

mælikvarða. Þannig kemur til heildarmat fjölmiðlanefndar á hljóð- og myndefni hverju sinni m.a. hvort með kynningu, tímasetningu og framsetningu efnis megi ráða að efnið sé ætlað börnum yngri en 12 ára. Þannig er tilvísun fjölmiðlanefndar til beitingar og túlkunar sambærilegra ákvæða á Evrópuvettvangi til þess fallin að varpa ljósi á grundvöll slíks mats og hvaða sjónarmið verði lögð til grundvallar þegar meta þarf hvort tiltekið hljóð- og myndefni sé dagskrá ætluð börnum.

Kemur þá næst til skoðunar það sjónarmið 365 miðla að þó svo að um barnaefni kunni að vera að ræða falli það ekki undir ákvæðið þar sem um sé að ræða svokallað innslag með barnaívafi í opna glugganum. Að mati 365 miðla birtist óskýrleiki ákvæðisins í því hvort ákvæðið nái til svokallaðra innslaga með sama hætti og samfelldrar dagskrár fyrir börn. Fjölmiðlanefnd áréttar þá niðurstöðu sína að Jóladaatal Skoppu og Skrítlu sé þáttur en ekki innslag í svokölluðum opnum glugga og þannig sé Jóladaatalið metið sjálfstætt en ekki sem hluti af öðrum dagskrárliðum og heildarmat nefndinnar feli það í sér að dagskrárþátturinn sé ætlaður börnum yngri en 12 ára.

Ákvæði 5. mgr. 41. gr. felur í sér undantekningu frá meginreglu sem fram kemur í 1. mgr. 41. gr. um hvenær heimilt er að skjóta auglýsingum inn í dagskrárliði. Þannig gerir ákvæðið ekki kröfu um að marga þætti þurfi að vera að ræða, líkt og ráða má af svörum 365 miðla. Í ákvæðinu segir að dagskrá skuli vera ætluð börnum yngri en 12 ára. Þannig geti bæði verið um einn eða fleiri dagskrárliði að ræða og þarf heildarsamsetning dagskrárliðanna hvort sem um einn eða fleiri er að ræða að vera ætluð börnum. Þannig er um tegundaskilgreiningu að ræða, enda markmið ákvæðisins að vernda börn gegn markaðssókn við sýningu þess efnis sem ætlað er þeim. Önnur tegundaskilgreining í lögum um fjölmiðla er hugtakið skemmtidagskrá í 1. mgr. 39. gr. Ef skilja á ákvæðið með þeim hætti sem 365 miðlar byggja á að um eina efnislega dagskrárheild þurfi að vera að ræða væri hægt að birta auglýsingar við staka barnaþætti eða t.d. stakar kvikmyndir sem ætlaðar eru börnum yngri en 12 ára til samræmis við reglu 1. og 3. mgr. 41. gr. þannig að rjúfa mætti sýningu slíkra verka með sýningu auglýsinga og sýna auglýsingar 5 mínútum fyrir og eftir slíka útsendingu. Slík túlkun er ekki til samræmis við texta ákvæðisins né skýringu þess við aðrar málsgreinar 41. gr. laganna og önnur ákvæði þeirra. Slík túlkun stangast auk þess á við markmið ákvæðisins sem er að vernda börn gegn auglýsingum við sýningu efnis sem ætlað er þeim og er auk þess ekki í samræmi við hljóð- og myndmiðlunartilskipunina.

### 3.

Á grundvelli alls framangreinds, m.a. efnis og innihalds Jóladaatal Skoppu og Skrítlu auk framsetningar og kynningar á Jóladaatalinu er það mat fjölmiðlanefndar að um sé að ræða dagskrá ætlaða börnum og þannig sé ekki um það að ræða að Jóladaatal Skoppu og Skrítlu sé fjölskylduþáttur ætlaður fyrir fleiri en börn yngri en 12 ára eða innslag í opna glugga



## FJÖLMÍÐLANEFND

Stöðvar 2. Eins og bent hefur verið á er það m.a. framsetning og form, efni og innihald, kynning, tímasetning og málfar sem ræður heildarmati þess hvort dagskrá falli undir ákvæði 5. mgr. 41. gr. að vera ætluð börnum yngri en 12 ára. Þannig er í Jóladaatali Skoppu og Skríttlu ævintýra- eða álfaverur sem eru að útskýra ýmis orð fyrir börnum í tengslum við jólin. Þá eru sýnd myndskreið með ungum börnum auk þess sem einhvers konar álfaverur svo sem Lúsí og Bakari Svakari koma fram í þáttunum. Málfar einkennist af því að talað er skýrt og orð sem ætla má að yngri börn skilji ekki eru útskýrð sérstaklega fyrir áhorfendum. Þá ber að nefna að kynning og markaðssetning á Jóladaatali Skoppu og Skríttlu beinist að börnum m.a. þar sem til sölu er jóladaatal sem börn geta opnað á hverjum degi í desember í beinum tengslum við þættina auk þess sem sérstaklega var tekið fram á fésbókarsíðu Stöðvar 2 að Jóladaatalið væri í opinni dagskrá svo öll börn á Íslandi gætu horft á það. Jafnframt eru þættirnir hlekkjaðir á síðu sem geymir barnaefni á visir.is. Þá var í kynningu og við útsendingu Jóladaatalið sett fram sem sjálfstæður dagskrárliður enda lýsa 365 miðlar Jóladaatalinu sem þáttaröð sem sýnd var í desember.

Á grundvelli framangreinds er það mat fjölmiðlanefndar að Jóladaatal Skoppu og Skríttlu falli undir ákvæði 5. mgr. 41. gr. laga um fjölmiðla og sé dagskrá sem ætluð er börnum yngri en 12 ára.

### 4.

Hér að framan hefur verið farið yfir birtingu auglýsinga dagana 3. - 9. desember 5 mínútum fyrir og 5 mínútum eftir að útsendingu Jóladaatals Skoppu og Skríttlu lauk. Þann 3. desember voru birtar auglýsingar innan 5 mínútna eftir sýningu Jóladaatals Skoppu og Skríttlu sem fjallað er nánar um í kafla II.2. Þann 4. desember voru sömuleiðis birtar auglýsingar innan 5 mínútna eftir sýningu Jóladaatalsins og það sama er að segja þann 5. desember.

Fjölmiðlanefnd fékk ekki sendar upptöku af Jóladaatalinu og efni sýndu 5 mínútum fyrir og eftir útsendingu þess dagana 6. og 9. desember. Rétt er að geta þess að samkvæmt 35. gr. laga um fjölmiðla er fjölmiðlaveitu skylt að varðveita efni sem miðlað hefur verið í a.m.k. 18 mánuði. Er ákvæðinu m.a. ætlað að tryggja að fjölmiðlanefnd hafi aðgang að efni, t.d. þegar fram koma ábendingar eða kvartanir um að fjölmiðlaveita hafi brotið gegn lögum. Samkvæmt þeim upplýsingum sem fengnar voru frá 365 miðlum má ráða að auglýsingar hafi einnig verið sýndar 5 mínútum eftir að Jóladaatali Skoppu og Skríttlu lauk þessa daga.

Þann 7. desember voru sýndar auglýsingar bæði 5 mínútum fyrir og 5 mínútum eftir sýningu Jóladaatals Skoppu og Skríttlu sem fjallað er um í kafla II.2. Það sama er að segja um dagskrána þann 8. desember.

365 miðlar benda á í bréfi sínu frá 11. júlí að einungis lítill minnihluti þeirra auglýsinga sem





## FJÖLMÍÐLANEFND

birtar voru fyrir þáttinn hafi höfðað sérstaklega til barna og söludeild auglýsinga hjá 365 reyndi ekki sérstaklega að selja auglýsingar ætlaðar börnum fyrir þennan þátt, enda var ekki litið á þessa dagskrárheild sem barnaefni. Við mat á þeim fáu auglýsingum verði að hafa í huga að um er að ræða desembermánuð, þegar mikið er auglýst af vörum fyrir börn í öllum auglýsingatímum. Barnatími Stöðvar 2 sé almennt á virkum dögum milli kl. 7 og 8 og frá 7-11:30 um helgar. Hafa 365 miðlar fylgt tilvitnuðu lagaákvæði þegar hann er í sýningu, enda þar um að ræða dagskrá sem ætluð er börnum. Þá sagði í bréfi 365 miðla að allt barnaefni Stöðvar 2 sé sent út í lokaðri dagskrá og í tengslum við það eru ekki sýndar auglýsingar. Því hafi ekki verið svo háttáð varðandi þetta efni, þar sem litið var á það sem fjölskylduefni og því sýnt í opna glugga Stöðar 2.

Fjölmiðlanefnd bendir á að ekki er gerður greinarmunur á efni auglýsinga, þ.e. hvort þeim sé ætlað að höfða sérstaklega til barna eða ekki í ákvæði 5. mgr. 41. gr. Þannig nær bann við birtingu auglýsinga 5 mínútum fyrir og eftir að dagskrá ætluð börnum yngri en 12 ára lýkur til allra auglýsinga skv. lögum um fjölmiðla. Þá bendir fjölmiðlanefnd á að með með bréfum fjölmiðlanefndar dags. 11. júní 2012 og 18. maí 2012 var það niðurstaða fjölmiðlanefndar að 365 miðlar hefðu brotið gegn ákvæði 5. mgr. 41. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 með sýningu á auglýsingum í tengslum við dagskrá ætlaða börnum.

Á grundvelli framangreinds er það því niðurstaða fjölmiðlanefndar að 365 miðlar hafi brotið gegn ákvæði 5. mgr. 41. gr. laga um fjölmiðla með útsendingu auglýsinga 5 mínútum fyrir og 5 mínútum eftir Jóladaगतal Skoppu og Skríttlu dagana 3.-9. desember 2012.

### 5.

Samkvæmt þágildandi 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla leggur fjölmiðlanefnd stjórnvaldssektir á lögaðila sé brotið gegn ákvæðum VI. kafla um viðskiptaboð og fjarkaup<sup>5</sup>. Í 4. mgr. 54. gr. segir að sektir skv. 1.- 3. mgr. geti numið allt að 10 millj. kr. Við ákvörðun sektar skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots og tekna fjölmiðlaveitu af broti þegar við á.

365 miðlar hafa uppýst fjölmiðlanefnd um að tekjur af auglýsingum á þessu tímabili voru kr. [ ]<sup>6</sup>. Þá er bent á í bréfi félagsins dags. 11. júlí 2013 að einungis lítið brot af þeim auglýsingum voru vegna efnis, þar sem mögulega má segja að markhópurinn sé börn. Fari svo þvert gegn væntingum 365 miðla að fjölmiðlanefnd beiti 365 miðla viðurlögum vegna þess, byggja 365 miðlar á að ákvæði 4. mgr. 54. gr. geti aldrei náð til þeirra auglýsingar sem voru sýndar á þessum tíma, þar sem markhópurinn er augljóslega ekki börn. Þannig verði ekki séð að auglýsingar frá Tengi, Mannvirkjastofnun, JSB vegna janúarnámskeiða,

5 Ákvæðinu var breytt með lögum nr. 54/2013 og leggur fjölmiðlanefnd nú stjórnvaldssektir á fjölmiðlaveitur.

6 Trúnaðarupplýsingar.



## FJÖLMIDLANEFND

skuldaaðlögun Íslands o.fl. hafi eitthvað með börn að gera.

Fjölmiðlanefnd ítrekar að ákvæði 5. mgr. 41. gr. gerir ekki greinarmun á efni auglýsinga, þ.e. hvort þær beinist að börnum eða ekki. Þannig bannar ákvæðið allar auglýsingar á þeim tíma sem ákvæðið mælir fyrir um og skiptir þar ekki máli hvort auglýsingar beinast að börnum eða ekki. Þá liggur fyrir í málinu að 365 miðlar birtu fjölmargar auglýsingar í tengslum við sýningu á Jóladaatali Skoppu og Skríttu dagana 3.-9. desember og þá bendir nefndin á að hún hefur tvívegis áður komist að þeirri niðurstöðu að 365 miðla hafi brotið ákvæði 5. mgr. 41. gr. laga um fjölmiðla.

Að öllu framangreindu virtu og með vísan til þeirrar efnislegu niðurstöðu fjölmiðlanefndar að 365 miðlar hafi brotið gegn 5. mgr. 41. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 hefur fjölmiðlanefnd ákveðið að leggja stjórnvalds sekt á 365 miðla í samræmi við 1. og 4. mgr. 54. gr. laganna. Að því virtu að réttarframkvæmd og stjórnslá samkvæmt nýjum lögum um fjölmiðla er í mótun og því eðlilegt að fjölmiðlaveitum sé ætlað nokkuð svigrúm til þess að laga starfsemi sína að breyttu lagaumhverfi, telur fjölmiðlanefnd hæfilegt að sektin nemi kr. 500.000.

### III. Ákvörðunarorð

**„365 miðlar ehf. brutu gegn 5. mgr. 41. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 með birtingu auglýsinga fyrir og eftir Jóladaatal Skoppu og Skríttu dagana 3.-9. desember 2012 á Stöð 2.**

**365 miðlar ehf. greiði kr. 500.000 í stjórnvaldssekt.“**

Karl Axelsson

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson

Þorgerður Erlendsdóttir

Hulda Árnadóttir